

23. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir Rafveitu Snæfjallahrepps nr. 225 12. desember 1963.

Íðnaðarráðuneytið, 15. október 1970.

Jóhann Hafstein.

Jóhannes Guðfinnsson.

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsýslu.**

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 200% álagi í Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. október 1970.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

SAMÞYKKT**um sveitarstjóra í Ölfushreppi í Árnassýslu.****1. gr.**

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tilögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans án sérstakrar þóknunar, annarrar en áhættuþóknunar, sem honum verði greidd eftir sömu reglum og innheimtumönnum ríkisins. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðubríf hreppsins, verðbréf

og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Launakjör sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í 5. gr. og greiðast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd.

Uppsagnarfrestur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

6. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu og hirðuleysi í starfi og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu, svo fljótt sem við verður komið. Hreppsnefnd ákveður, hvort oddviti eða annar hreppsnefndarmaður taki við starfi sveitarstjóra og gegni því, unz sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Ölfushrepps í Árnessýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 22. október 1970.

Emil Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups Íslands um, að Njarðvíkursókn í Múlaprófastsdæmi skuli sameinast Bakkagerðissókn í sama prófastsdæmi.

Ráðuneytið hefur mótttekið bréf yðar, háæruverðugi herra, dags. 2. júlí sl., varðandi beiðni um, að Njarðvíkursókn í Múlaprófastsdæmi verði sameinuð Bakkagerðissókn í sama prófastsdæmi.

Með skírskotun til tillagna yðar, svo og samþykktar safnaðarfunda í báðum sóknunum og samþykktar héraðsfundar þar að lútandi, tekur ráðuneytið fram, að það, samkvæmt heimild í 11. gr. laga um skipun prestakalla o. fl. nr. 35/1970, samþykkir framangreinda ráðstöfun, þannig að Njarðvíkursókn skuli sameinast Bakkagerðissókn í Múlaprófastsdæmi.